

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998 - 2018, Síðuskóli.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 23. apríl 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018 frá 4. september 1998.

Breytingin felst í því að svæði fyrir stofnanir við Bugðusíðu (lóð Síðuskóla) stækkar til norðurs og austurs og svæði sem er skilgreint óbyggt svæði og almennt útivistarsvæði minnkar sem því nemur.

Breyting þessu hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrarbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 23. apríl 2003.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

---

*Magnús Jóhannesson.*